



Til: hildurv@umhverfisstofnun.is
Afrit: david.hansson@umhverfisstofnun.is, arna.hjorleifsdottir@umhverfisstofnun.is
Efni: Beiðni um umsögn vegna framkvæmda á friðlýstu svæði - Vogafjós
Upplýsingar: Sent: 27.03.2018 16:00:24 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018030055, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018030055

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 26. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmdir á friðlýstu svæði - Vogafjós.

Náttúrufræðistofnun fékk framangreint mál til umsagnar 17. október 2017 og svaraði erindinu 30. sama mánaðar, sjá meðfylgjandi tölvupóst. Í svari Náttúrufræðistofnunar var fallist á viðkomandi framkvæmd á þeim forsendum að ...,ekki er gert ráð fyrir auknu frárennsli vegna viðbyggingarinnar, að hún er samræmi við samþykkt deiliskipulag og að Skipulagsstofnun telur framkvæmdina ekki tilkynningarskylda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum." Þar sem þessar forsendur hafa ekki breyst, en til viðbótar er almennt gert ráð fyrir að fara í umbætur á fráveitumálum m.a. frá rekstri í Skútustaðahreppi, fellst Náttúrufræðistofnun á að framkvæmdaleyfi fyrir viðbyggingu gestamóttöku við Vogafjós verði veitt og vonar að ráðist verði í framangreindur umbætur sem fyrst.

Virðingarfyllt

Trausti Baldursson



Til: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
Efni: Re: Beiðni um umsögn - Vogabú Skútustaðahreppi
Upplýsingar: Sent: 30.10.2017 09:32:25 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017100010, Bréfalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2017100010

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts, dags. 17. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsökn Vogabús ehf um framkvæmdaleyfi til að byggja við Vogafjós gestamóttöku og biðsvæði fyrir gesti.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins og gerir ekki athugasemd við að framkvæmdaleyfi fyrir framangreindri viðbyggingu verði veitt enda telur stofnunin ekki líklegt að umfang, staðsetning eða eðli þeirrar starfsemi sem á að fara fram í umræddri viðbyggingu komi til með að hafa neikvæði áhrif á verndarsvæði Mývatns og Laxár. Í gögnum málsins kemur m.a. fram að ekki er gert ráð fyrir auknu frárennsli vegna viðbyggingarinnar, að hún er samræmi við samþykkt deiliskipulag og að Skipulagsstofnun telur framkvæmdina ekki tilkynningarskylda skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Ingibjörg Marta Bjarnadóttir <ingibjorg.bjarnadottir@umhverfisstofnun.is>
Dags: 17.10.2017 16:57:32
Til: "ni@ni.is" <ni@ni.is>, "arnie@hi.is" <arnie@hi.is>
Efni: Beiðni um umsögn - Vogabú Skútustaðahreppi

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

